


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSA 103</b> <b>Kennsluáætlun Haustönn 2012</b>	


<b>Kennari</b>	Anna Lilja Harðardóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, framburð, lestrarfærni og skilning. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að nemendur hljóti þjálfun í að koma hugmyndum sínum á framfæri í töluðu og rituðu máli; að þjálfa framburð, áherslur og hrynjandi. Nemendur auki orðaforða og lestrarfærni og hljóti fyrst og fremst málfræðikennslu í tengslum við málnotkun. Nemendur fái einnig fræðslu og innsýn í íslenska menningu.

#### Markmið áfangans:

- Að nemendur fái nokkra undirstöðu í íslenskrri beygingarfræði og setningafræði.
- Að nemendur auki orðaforða sinn og skilning á mæltu og rituðu íslensku máli.
- Að nemendur geti skilið og tjáð sig munnlega og í í rituðu máli.
- Að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem viðkemur námi.
- Að nemendur auki almenna færni sína í daglegu íslensku máli.
- Að nemendur kynnist almennum hjálpargögnum við íslenskunám.

Vika	Námsefni	Verkefni
1. lota: 21. 8. – 7.9.	Kynning á áfanganum, sjálfsmati og námsefni kynnt. Nemendur undirbúa kynningu á sjálfum sér. Rætt um íslenska hljóðfræði (bls. 3 – 8 í <i>Orð fyrir orð</i> (OFO). Framburðarverkefni af ýmsu tagi.	Nemendur flytja kynningu á sjálfum sér . Framburðar- og málfræðiverkefni (5%)
2. lota: 10.9. - 21.9.	Nafnorð bls. 11 - 19 og bls. 11 – 32 í OFO og unnin verkefni. Fjallað um tíma, vikur, mánuði og árstíðir bls. 36 – 44 í OFO og unnin verkefni í tímum.	Verkefni í málfræði (10%) Þemaverkefni um fæðutegundir, árstíðir og ferðalög (10%)
3. lota: 24.9. - 12.10.	Persónufornöfn bls. 45 – 48 og unnin tímaverkefni. Litir, form og föt bls. 49 – 54 í OFO og unnin tímaverkefni.  Farið í heimsókn á Minjasafnið til að skoða íslenska þjóðbúninga og sýningu um Akureyri undir leiðsögn safnvarðar.	Tímaverkefni í málfræði (15%) Þemaverkefni um fatnað, þjóðbúninga og annað sem tengist heimsókn á Minjasafnið (10%).

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSA 103</b> <b>Kennsluáætlun Haustönn 2012</b>	

4. lota: 15.10. - 2.11.	Farið í eintölu/fleirtölu bls. 58 – 60 í OFO og unnin tímaverkefni.  Lesin smásaga og ljóð og unnin verkefni.  Sagnorð bls. 61 – 74 í OFO og unnin tímaverkefni.  Vettvangsheimsóknir nemenda innan skólans (VMA)	Tímaverkefni úr sögnum (15%)  Þemaverkefni: „Nemendur bjarga sér“. (10%)
5. lota: 5.11. - 16.11.	Orðaröð og setningar bls. 75 – 81 í OFO. Nemendur skrifa stutta ritgerð/frásögn á íslensku. Vettvangsheimsóknir í opinberar stofnanir.	Tímaverkefni og ritgerð / frásögn (10%) Þemaverkefni (10%)
6. lota: 19.11 – 30.11.	Yfirlit yfir önninna og þemaverkefni í almennri málnotkun.	Þemaverkefni í almennri málnotkun (5%)

Tegund	Námshöggn
Bækur	<i>Orð fyrir orð</i> e. Evu Örnólfsdóttur
Ítarefni	Hjálparefni á neti, ýmsar vefslóðir, ljósrit og fjölrit

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Verkefni, munnleg og skrifleg, sem unnin eru yfir önnina.	100%

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils